



Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

Hvalfjarðarsveit, 28. júní 2021

Dalabyggð

Miðbraut 11, 370 Búðardal.

Skipulagsfulltrúi

Netfang: skipulags@dalir.is

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HeV) barst erindi þann 22. júní s.l frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar þar sem er óskað er eftir athugasemdum vegna tillögu að deiliskipulagi í landi Haukabrekku, í Stóra Langadal, Skógarströnd í Dalabyggð, vegna frístundabyggðar.

Með erindinu fylgdi greinargerð og uppdráttur sem unnin var af verkfræðistofunni Eflu dagsett 23. mars 2021.

Í erindinu frá Dalabyggð kemur fram að í gildi sé deiliskipulag fyrir sjö frístundalóðir frá árinu 1999 en í breyttu deiliskipulagi eru gerðar breytingar á afmörkun lóða og ný staðsetning á einni lóð.

Á gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar er svæðið merkt sem F2 frístundasvæði. Svæðið afmarkast af Stóru-Langadalsá til vesturs og brekkurótum Grásteinsfjalls að austan og nær yfir bæjarstæði Haukabrekku og nánasta umhverfi þess.

Samkvæmt upplýsingum úr greinargerð kemur neysluvatn úr lind í hlíðum Grásteinsfjalls. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er ekki kunnugt um gerð, gæði eða staðsetningu á vatnsbólinu. Starfsleyfi þarf fyrir vatnsbóli ef fjöldi frístundahúsa er 20 eða fleiri, íbúar fleir en 50 og/ eða ef starfsleyfis skyld starfsemi er tengt vatnsbólinu, s.s rekstrarleyfi fyrir gististaði.

Gert er ráð fyrir rotþróum/hreinsivirki á hverri lóð og að aðkoma að hreinsivirkjum sé góð. Sorp verður sótt samkvæmt samþykktum reglum Dalabyggðar þar um.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur farið yfir tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Haukabrekku í Stóra Langadal og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Þróingarnýlist

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands